

Aðalfundarboð

Aðalfundur Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. árið 2026, vegna starfsársins 2025, verður haldinn mánudaginn 20. apríl 2026, kl. 14:00, í fundarsal A á Iceland Parliament Hotel, Thorvaldsensstræti 2, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 11. gr. samþykktu félagsins:

1. Stjórn skýrir frá hag og rekstri á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Stjórn félagsins og endurskoðandi kjörin.
4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
5. Starfskjarastefna stjórnar tekin fyrir til staðfestingar.
6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
7. Tillaga um breytingu á heimilisfangi í samþykktum.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

Aðalfundur félagsins skal vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum svo og framkvæmdastjórum viðkomandi sveitarfélaga og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins. Óskað er eftir að þátttakendur skrái sig með því að senda tölvupóst á david@ashb.is, svo hægt sé að áætla fjölda.

Óskað er eftir tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra (ráðherra) og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um fimm aðalmenn og tvo varamann. Samkvæmt samþykktum félagsins skipar stjórn SSH formann stjórnar án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna og tilkynna skal ráðherra um fyrirhugað val á nýjum formanni félagsins með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund, áður en val formanns er staðfest. Með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er óskað eftir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund.

Gögn vegna fundarins, ársreikningur auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu félagsins verður lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 1. apríl 2026.

Stjórn Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.